

Jakub Stachowiak

ÁSTANDIÐ

Vindurinn vekur mig af draumum mínum, þjóðkunnur en óboðinn gestur. Ég heyri hver-nig hann bankar á rúður svefnherbergisins og loka augunum aftur. Hlýtt, minningalaust myrkrið umlykur mig. Gnauðið eykst líktog í mótmælaskyni. Eldgamall málsháttur segir að þeir sem eru einmana heyri betur í vindinum. Að hann sé hávær áminning um dapra stöðu þeirra, svo þeir geti gert eitthvað í því. Í öðrum málshætti segir samt að vindurinn sé vitnisburður kærleikans. Líklegast er hvort tveggja satt, enda lífið þversagnakennt í eðli sínu.

Ég opna augun hægt, minni sjálfan mig á að það er ómögulegt að sofa sorgina úr sér. Er það ómögulegt?

Ég klöngrast á fætur á nærbuxum og skelf lítið eitt þegar iljarnar snerta draugaís-kalt gólfið. Dreg tjöldin frá og loka augunum aftur fyrir bleikri birtunni. Sólin nývöknuð, klukkan hlýtur að vera að nálgast tíu.

Svefnherbergið er frekar tómlegt, rúmið í konungastærð, skrifborðið þakið bókum og pappírsblöðum, eiturgærnir veggirnir auðir, nokkrir stólar úr Góða hirðinum. Ég labba einn hring og safna saman fötunum, klæði mig, staðnæmist í dyragættinni. Lít um öxl. Þar sem ég gekk hélaði gólfið. Ég dæsi. Helvítis söknuður. Ég geng afturábak inn í herbergið og hækka hitann á ofninum.

Fer inn á baðherbergið, flísarnar kremlitaðar, vaskur, spegill. Ég lít í hann áður en ég skrífa frá krananum. Ugh, þarf að panta tíma hjá tannlækni. Undarlegt hve hratt tennurnar gulna þegar maður syrgir horfna ást. Þær eru tóbaksgular sama hvað ég er duglegur að bursta þær. Læt kalt vatnið renna ofan í vaskinn. Sæki tannburstann og kreisti út kremið. Brosi dauflega.

Áður

voru í bollanum tveir burstar, þinn úr bambus, umhverfisvænni, sagðir þú og brostir. Tennurnar þínar alltaf skærhvítar. Það bjó ljós í brosinu þínu, sem bandaði út í buskann hvaða vetrarmyrki sem var.

Ég spýti vatni og horfi í spegilinn. Nudda stírnar úr grænum augunum, heyri þig segja bjartri röddu: „Þetta er svefnsandur! Ef þú safnar kornunum og setur þau í krukku geturðu blásið þeim framan í einhvern sem pirrar þig. Þá sofnar hann á engri stundu!“

Ég heyri hlátur þinn bergmála um íbúðina, hláturinn sem gat fengið hina látnu til að flissa í moldinni. Stundum barst okkur þetta fliss úr Hólavallagarði þegar við lágum fléttaðir í konunglega rúminu.

Fer inn í ljósbláa stofuna, hér er fyrirferðamikið borðstofuborð,

áður

sátum við við það, borðuðum rjúkandi heitan kvöldmat. Nú sit ég við það einsamall og græt. Vindurinn fyrir utan tekur undir. Birtan í stofunni er himnesk sem fyrr, rétt einsog nafnið þitt. Ég man þegar þú sagðir mér það í fyrsta sinn, þá var einsog allt í einu birti til í heiminum og englarnir hlógu á himni. Sumar manneskjur eru bjartari en aðrar.

Þú sagðir „Angelos“ og moldarbrún augun glitruðu í fullkomnu samræmi við það.

Ég hristi höfuðið hugsi, svaraði: „Þú ert svo lágvaxinn að ég ætla að kalla þig ... Ég ætla að kalla þig ... Íkorni!“

Ég fer úr hvítblárrí stofunni, Litla-Grikkland kallaðir þú hana, staulast inn í eldhúsið og ljósið eltir mig líktog heimilislaus hundur. Set kaffkönnuna á helluna og kveiki á eldavélinni, strýk örið á vinstri hendi.

Áður

en við hittumst var líkami minn án öra. Mér verður hugsað til þess þegar við keyrðum út á Gróttu að næturlagi, horfðum á tunglið merla á hafinu og þú lofaðir mér að það yxu engin saknaðarör á kroppnum mínum. Ég kinkaði kolli, varnarlaus unglingur í anda. Hvað ég vissi lítið. Vissi ekki að ólíkt okkur Íslendingum var Llífskjarninn í þér brennandi heitur, og ég brenndi mig á honum. Aftur. Og aftur. Og aftur.

Ég strýk örinu einu sinni enn meðan kaffilmurinn fyllir eldhúsið, helli þessum dökka elíxir í bollann. Sest við eldhúsborðið, sýp á mjólkurblönduðum drykk. Hér ríkir þögn sem magnar upp endalaus öskur í norðangarranum, ekkert hljóð, ekki einu sinni tif í klukkunni. Vísarnir stöðvuðust á 11:54 þegar ég fékk þetta örlagasímtal frá þér í febrúarmánuði í fyrra. Enginn úrsmiður getur gert við klukkuna, sama hvað hann reynir. Samt hættir sólin ekki að ferðast milli bleikra skýja einsog ekkert hafi í skorist.

Áður

en ég fékk þetta örlagasímtal skipti tíminn mestu máli. Við lifðum lífinu einsog hver dagur væri bæði sá fyrsti og sá síðasti. En síðan hringdir þú einn vengjulegan eftirmiðdag og sagðir: „Ég er fluttur aftur til Grikklands, ekki leita mín, það verður betra fyrir okkur báða.“

Þú sagðir: „Ég er nýfluttur heim,“ og himintunglin dattu öll af festingunni og vindurinn fór að blása og hafið að öskra og jörðin öll neitaði að grænka. Samt voraði aftur. Árstíðir fara sjaldan í verkfall en það býr engin huggun í þessari hugsun.

Ég klára kaffið og set bollann í vaskinn, opna suðandi ísskápinn. Egg, appelsínur og gular mjólkurfernur. Íhuga að steikja pönnukökur og kreista ferskan ávaxtasafa, en hætti við það. Eina hungrið sem ég finn til heitir snertingarhungur. Ég slekk ekki á því nema örsuttu stund í huganum.

Fer inn í anddyri, horfi í mannhæðarháan spegil. Víst hef ég horast töluvert síðan þú yfirgafst mig, fötin hanga á mér einsog á illa smíðaðri dúkku. Ég reima gönguskóna, kasta yfir mig appesínugulri úlpunni, er í þann mund að opna dyrnar þegar ég kem auga á hann í hrúgu af ýmsum flíkum undir snaganum. Hann er hversdagslega grár, næstum fáránlega venjulegur. Trefillinn þinn. Ég dreg hann undan hrúgunni, velti honum milli fingra mér, ilmur þinn ennþá furðulega sterkur eftir alla þessa mánuði. Sný treflinum við og kem auga á hvíta, ísaumaða rós sem ég hef ekki séð

áður.

Ég strýk einmana tár af hvarmi, opna dyrnar og fer út í nýjan dag.